

Nd.

525. Breytingartillaga

við frv. til laga um undanþágu frá lögum 8. júlí 1902 (þingskj. 462).

Frá fiskiveiðanefndinni.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Heimilt er landsstjórninni, þá er sérstakar ástæður mæla með að veita skipum, er skrásett eru sem eign hér á landi, undanþágu um eitt ár í senn — frá annari málsgrein í lögum nr. 18. frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Skyld skulu skip þessi að sýna sérstakt og glögt merki samkvæmt nánari fyrirmælum landsstjórnarinnar.